

Föstudaginn 22. maí 1931.

**Nr. 17/1931. Lárus Jóhannesson, f. h. h/f Hamar
og h/f Kol & Salt (Lárus Jóhannesson)
gegn
Skiptaráðandanum í þrotabúi h/f Hlér
og O. Ellingsen og gagnsök
(Theodór B. Línal).**

Veð í skipi talin ógild gagnvart þrotabúi með því
að skilyrðum 21. gr. gjaldþrotal. var eigi fullnægt.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur
30. dez. 1930: Gagnvart þrotabúinu telst 1. veðr. í
e/s Hlér samkv. veðskuldarbréfi, útgefnu 25. jan. 1929, gildur.
Hinsvegar telst skipsveð, sjálfsvörsluveð og handveð
til handa h.f. Kol & Salt og h.f. Hamar samkv. 2 veðbréf-
um, útgefnum 5. dez. 1929, ógilt gagnvart búinu og renn-
ur andvirði hins veðsetta inn í þrotabúið.

H.f. Kol & Salt og h.f. Hamar greiði sem kaupendur
e/s Hlér, R. E. 263, á uppboði 20. júní þ. á., uppboðsand-
virðið kr. 52,500,00 samkv. uppboðsskilmálunum.

Dómur hæstaréttar.

Með stefnu, dags. 12. marz þ. á., hefir aðaláfrýj-
andi, Lárus Jóhannesson, f. h. h/f Hamars og h/f
Kol og Salt, skotið til hæstaréttar úrskurði, upp-
kveðnum í skiptarétti Reykjavíkur 30. dez. f. á., út
af ágreiningi milli nefndra hlutafélaga og stefnda
O. Ellingsen um gildi veðskuldabréfa, útgefina af
h/f Hlér, er tekið var til gjaldþrotaskipta 7. maí
1930, og eru kröfur aðaláfrýjanda þær, að hinn
áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, að því, er
snertir gildi 1. veðréttar í e/s Hlér samkvæmt veð-
skuldarbréfi, útgefnu 25. jan. 1929 gagnvart nefndu
þrotabúi, en að úrskurðinum verði að öðru leyti
hrundið og honum breytt þannig, að viðurkenndir

verði gildir gagnvart þrotabúinu veðréttir þeir í skipi og veiðarfærum til hlutafélaganna Kol og Salt og Hamars, sem ræðir um í úrskurðinum, að lagt verði fyrir skiptaréttinn að leggja nefndum hlutafélögum út, sem ófullnægðum veðhöfum, fiskiskipið Hlér, og loks, að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnað í hæstarétti.

Stefndi, O. Ellingsen, hefir með samþykki skiptaráðanda gagnáfrýjað nefndum skiptaréttarúrskurði með stefnu, útgefinni 20. apríl þ. á., en þar sem meira en 12 vikur voru liðnar frá því, er úrskurðurinn var uppkveðinn og áfrýjunarfresturinn þannig, liðinn, er gagnáfrýjunarstefnan var útgefin, verður ex officio að vísa gagnsökinni frá hæstarétti.

Kröfu áfrýjanda um staðfestingu á skiptaréttarúrskurðinum að því, er snertir gildi veðskuldarbréfsins 25. jan. 1929 ber að taka til greina, en um kröfu áfrýjanda um gildi veðskuldabréfanna 5. dez. 1929 til handa h/f Kol og Salt og h/f Hamar er þess að geta, að það er in confesso í málinu, að veðskuldbindingar þessar voru eigi orðnar 6 mánaða gamlar, er bú hlutafélagsins Hlér var tekið til gjaldþrotaskipta, og að þær voru eigi gerðar til tryggingar kröfum, er stofnaðar voru á sama tíma, og með að fallast verður á það álit skiptaráðandans, að aðaláfrýjendum hafi ekki tekizt að sanna það, að hlutafélagið Hlér hafi átt fyrir skuldum, er veðsetningin fór fram, og að þeir hafi heldur eigi fært næg rök fyrir því, að þeir hafi haft fulla ástæðu til að ætla, að h/f Hlér ætti fyrir skuldum, er veðsetningin fór fram, ber að staðfesta hinn áfrýjaða skiptaréttarúrskurð um að umræddir veðréttir skuli vera ógildir gagnvart þrotabúinu.

Það sem málsaðiljar hafa ekkert unnið á með áfrýjun sinni, þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Gagnvart þrotabúi h/f Hlér telst 1. veðréttur til handa h/f Kol og Salt samkvæmt veðskuldarbréfi, útgefnu 25. jan. 1929, gildur. Hinsveg-
ar er skipsveð, sjálfsvörzluveð og handveð til handa h/f Kol og Salt og h/f Hamar, samkvæmt 2 veðbréfum 5. dez. 1929, ógild gagnvart nefndu þrotabúi.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Við nauðungaruppboð á e/s Hlér, R. E. 263, sem fram fór 20. júní s. l., samkv. ákvörðun skiptaréttarins í þrotabúi h/f Hlér, eiganda skipsins, lýsti hrm. Lárus Jóhannesson, f. h. h/f Kol & Salt, 1. veðrétti í skipinu fyrir 9000,00 kr. og 2. veðrétti fyrir 13157 kr., einnig lýsti hann, f. h. h/f Hamar, 2. veðrétti fyrir kr. 8,906,31 samhliða 2. veðrétti, h.f. Kol & Salt. Hrm. Th. Lindal mótmælti á uppboðinu, f. h. O. Ellingsen og annara alm. kröfuhafa í þrotabúinu gildi þessara veðréttta, með því að þeir væru niðurfallnir við gjaldþrotið. Uppboðið fór því næst fram þannig, að umboðsmaður h/f Kol & Salt og h/f Hamar varð hæstbjóðandi í skipið fyrir kr. 52,500,00 og krafðist hann, með því að bæði sjóveðkröfur, viðgerðarkostnaður o. fl. hvildi á skipinu, sem gengi á undan veðréttunum, að hlutafélögunum yrði útlagt skipið, sem ófullnægðum veðhöfum. Boð þeirra var síðan samþykkt, en með þeim fyrirvara, að þau yrðu skoðuð sem kaupendur, ef ekki væri hægt að taka útlagningarkröfuna til greina, af þeim ástæðum að mótmælin gegn gildi veðréttarins reyndust á rökum byggð. Á skiptafundi í þrotabúinu, 23. júní s. l., voru endurtekin mótmælin gegn gildi veðréttarins og fengu þá málsaðiljar frest til frekari málsútlist-

innar um ágreiningsatriðið og var það síðan lagt undir úrskurð skiptaréttarins að undangenginni árangurslausri sáttatíðraun.

Mótmælin gegn gildi 1. veðréttar eru byggð á því, að veðbréfið, sem er útgefið 25. jan. 1929, hafi ekki verið þinglesið. Þetta er rétt, en hinsvegar er veðréttarins getið í þinglesnu afsali fyrir skipinu og ennfremur er veðréttarins mianst í hinum þinglesnu 2. veðréttarbréfum, á þá leið, að þessir veðréttir hvíli á skipinu næst á eftir 9 þús. kr., sem á því hvíli með 1. veðrétti, svo er hans og getið í tryggingarbréfi með 3. veðrétti í skipinu til firmans Ólafur Gíslason & Co., dags. 7. júní 1930, að upphæð kr. 15000,00. Með því að gjaldþrotaúrskurðurinn hefir ekki verið þinglesinn og 1. veðr. hefir ekki þurft að vikja fyrir öðrum löglega þinglesnum bréfum, verður að líta svo á, að hann sem löglega stofnaður, sé í gildi þótt veðbréfið hafi ekki verið þinglesið.

Hinir véfengdu 2. veðréttir eru stofnaðir með veðbréfum, útgefnum 5. dezember 1929, og þingl. 27. febr. þ. á., en gjaldþrotaskiptin hófust 7. maí þ. á. og voru veðréttirnir því ekki orðnir 6 mánaða gamlir er gjaldþrotið varð. Nú er þá staðreynd að veðréttirnir voru settir til tryggingar skuldum, sem ekki voru stofnaðar á sama tíma sem veðið var sett, og fáir því aðeins staðizt, að þau skilyrði séu fyrir hendi, sem um ræðir í 21. gr. laga um gjaldþrotaskipti frá 14. júní 1929, að veðsali sanni, að hann hafi átt fyrir skuldum, er veðsetningin fór fram, eða að veðhafar og umboðsmaður þeirra hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla það, og færa sönnur á þetta.

Um hið fyrra atriðið liggur ekki annað fyrir en reikningur gjaldþrota um efnahag sinn 31. dezbr. 1929, þ. e. rúmum þrem vikum eftir að veðsetningin fór fram og í málinu er ekkert fram komið, er sanni það, að efnahag hans hafi hrakað að verulegum mun á þessu tímabili. Efnahagnum er lýst þannig:

Eignir :	1. e/s Hlér, bókfært verð	kr. 80,000,00
	2. Veðarfæri	— 15,000,00
	3. Útistandandi skuldir	— 3,367,89
	4. Peningar í sjóði	— 67.79

Samtals kr. 98,435,68

Skuldir — 95,440,04

Mismunur kr. 2,995,54

Umboðsmaður kröfuhafa hefir haldið því fram, að efnahagsreikningurinn sýni engan veginn hinn sanna hag félagsins í árslokin eða er veðsetningin fór fram, hann hafi verið miklum mun lakari. Bendir hann á að skipið sé um 40 ára gamalt og hið bókfærða verð þess fengið þannig út:

1. Kaupverð	kr. 19,000,00
2. Bátar	— 2,686,29
3. Viðgerð	— 48,569,88
4. Ýms útgjöld	— 3,500,00
5. Vinnureikningur .	— 6,243,83

Samtals kr. 80,000,00

Hann telur, að viðgerðarkostnaðurinn hafi verið fram úr hófi dýr og fráleitt fjármálafyrirtæki, að í 4. og 5. lið séu faldar upphæðir, sem ekki verði með réttu taldar til viðgerðarinnar, að rangt sé að telja allt það, sem gert var við skipið til verðaukningar þess, heldur hefði átt að telja allmikinn hluta aðgerðarinnar til viðhalds og færa á rekstursreikning, en þar eru aðeins taldar kr. 3376,52 og þar sem það hafi komið á daginn, að skipið þurfti litlu síðar aðgerðar fyrir um kr. 15,000,00 og að þeirri aðgerð lokinni hafi skipið selzt á uppboði aðeins fyrir kr. 52,500,00, sem þó hafi verið hærra verð en nokkur gat búið við, þá telur hann að bókfært verð skipsins hafi a. m. k. verið 25—30 þús. kr. of hátt. Þessum staðhæfingum umboðsmanns kröfuhafa hefir engum verið hnekk.

Engin skoðunar- eða virðingargerð óvilhallra manna um verðmæti skipsins liggur fyrir í málinu og þar sem skipið er talið jafn verðmætt í lok ársins eins og á undan vertið, af nýafstaðinni aðgerð, þá virðist hið bókfærða verð þess vanta alveg heilbrigðan grundvöll. Um veiðar-færaeignina liggur heldur ekki fyrir nein sönnun og verður þá heldur ekki á þeirri upphæð byggt, og um útistandandi skuldir verður ekki sagt, hvort þær hafa verið þess virði, er þær voru taldar. Samkvæmt þessu, sem nú hefir verið talið, brestur ekki aðeins sönnur fyrir því, að gjald-

þroti hafi átt fyrir skuldum, er veðsetningin fór fram, heldur verður það gagnstæða að teljast vera gert augljóst. Umboðsmaður veðhafanna hefir heldur ekki byggt málsvörn sína á því, að félagið hafi átt fyrir skuldum, en hann hefir lagt aðaláherzluna á, að hann og umbjóðendur hans hafi lagt ástæða til að ætla það. Gagnvart þessu verður fyrst að geta þess, að allir þessir aðiljar höfðu haft góða aðstöðu til að fylgjast með viðgangi h.f. Hlér frá upphafi. Félagið er stofnað 24. jan. 1929 til kaupa á nefndu skipi, sem seljandi, framkvæmdarstjóri h.f. Kol & Salt, keypti á nauðungaruppboði í sama mánuði fyrir ca. 17000 kr. Hlutaféð var kr. 25,000,00, en af því innborguðust kr. 20,000,00, en afgangurinn reyndist ókræfur. Kaupandi greiddi kr. 10,000,00 af kaupverðinu, en seljandi fékk fyrir eftirstöðvum kaupverðsins áðurnefnt 9000 kr. veðskuldarbréf. H.f. Hamar, en framkvæmdarsjóri h.f. Kol & Salt er einn af stjórnendum þess, annaðist viðgerðina. Auk skipsins þurfti félagið að kaupa öll veiðarfæri fyrir rösar kr. 30,000,00. Lán út á skipið var ófáanlegt í lánsstofnunum. H.f. Kol & Salt lánaði kol og salt til útgerðarinnar og er umrætt veðbréf þessa félags tryggingarbréf fyrir vixli fyrir úttektina, en vixillinn átti að greiðast með $\frac{1}{12}$ hluta á 3ja mánaða fresti, í fyrsta sinn 5. marz 1930. Sömu greiðsluskilmálar eru í veðbréfi h.f. Hamar, sem einnig er tryggingarbréf fyrir vixli fyrir eftirstöðvar viðgerðarkostnaðarins, auk 5000 kr. vixils, sem ekki var trygging fyrir.

Auk veðsins í skipinu fengu þessi félög með sama bréfi sjálfsvörzluveð með fyrsta veðrétti í veiðarfærum skipsins, sem var notaður útbúnaður á þorsketaveiðum, tvö hundruð nýjar lóðir með uppistöðum og annað tilheyrandi. Þessi veðréttur er ógildur þegar af þeirri ástæðu, að veðbréfið var ekki þinglesið í tæka tíð. Loks var félögnum sett að handveði, samkv. sama bréfi, sildarnót með 1. veðrétti.

Með veðum þessum var ráðstafað öllum eignum félagsins, nema útistandandi skuldum, enda var megin þeirra skuld framkvæmdarstjórans sjálfs. Umboðsmaður veðhafanna, sem hafði á hendi innheimtu þeirra fjárhæða, sem um er rætt, og annaðist um veðsetninguna, einnig af hálfu veðsala, og var stíluð 500 kr. þóknun fyrir það í bókum gjaldþrota, hefir staðhæft það, að bæði honum og veðhöfunum hafi ekki dottið annað í hug, er veðsetningin fór

fram, en að gjaldproti ætti fyrir skuldum, og hafi haft örugga vissu um þetta, er staðfestist við frásögn ráðamanns h.f. Hlér, formanns þess og framkvæmdarstjóra, hvað eptir annað, við upplýsingar úr bókum og reikningum félagsins um verð skips og veiðarfæra og skuldir, sem staðfestu skýrslu þeirra, og við það að skipið var þá á veiðum í góðu standi, og enn fremur bendir hann á efnahagsreikning félagsins, sem áður greinir, og segir að félagið hafi stórtapað á haustútgerð.

Um hin fyrstu atriði tvö, verður að taka undir það með umboðsmanni kröfuhafa, samanber það, sem áður er sagt um grundvöll þann, sem eignarmatið hefir við að styðjast, að „upplýsingarnar“ áttu miklu fremur að veikja vissuna um réttmæti skýrslu forráðamannanna og um greiðslugetu skuldara, en styrkja hana, og væru í rauninni nægar til að sannfæra veðhafa og umboðsmann þeirra um greiðsluómátt skuldarans, og þótt skipinu væri enn haldið úti 5. dezbr. gaf það ekki neitt til kynna um hag félagsins, og um tap þess frá 5. dezbr. til mánaðarlokanna, sem bylt hafi um fjárhagnum, eru ekki færð fram minnstu gögn.

Þá telur umboðsmaðurinn, að það sýni glögggt hina „öruggu vissu“ h.f. Hamar, að félag þetta hafi neitað veði fyrir 5 þús. kr. vixlinum vegna þess, að það vildi ekki gefa sama greiðslufrest á þessum vixli og hinni veðtryggðu skuld. En nú er þess að gæta, að allar eignir félagsins voru veðsettar og að veðhafarnir létu sér ekki nægja veðið í skipinu, heldur lögðu og undir sig lausaféð, sýnir, að þeir töldu skipsverðið ekki örugga tryggingu fyrir þeim kröfum, sem á skipinu hvíldu. Sannar það atvik, að h.f. Hamar tók ekki veð fyrir 5000 kr. vixlinum, því ekki neitt í þá átt, sem umboðsmaður veðhafanna heldur fram, enda hafði h.f. Hamar öruggara tak á skuldara með því að hafa vixlinn lausan og geta gripið fyrsta og bezta tækifæri til þess að þrautreyna innheimtu hans.

Þá segir umboðsmaður veðhafanna, að það sýni bona fides h.f. Kol & Salt, að þetta félag lánaði h.f. Hlér *tryggingarlaust* kol og salt fyrir kr. 14000,00 eftir síðastliðin áramót. Nú er bæði það, að skuldari hafði ekkert til að veðsetja og næsta ólíklegt að fáanlegar hafi verið ábyrgðir utan félagsins fyrir þessu. En aftur ber að líta á það, að

h.f. Kol & Salt var orðið svo bundið skuldunaut og átti svo mikið fé í hættu, að það var knúð til að reyna til hins ýtrasta að halda skuldaranum á floti og reyna um leið að girða fyrir það, að það missti ekki veðin með bráðu gjaldþroti hans. Þessi röksemd sannar því hvorki til né frá um skoðun lánardrottins á hag skuldunauts. Og hvað því loks viðvikur, að veðhafarnir hafi knúð skuldunaut til þess að framselja bú sitt til gjaldþrotaskipta, þá verður ekkert með því sannað á þann veg, sem umboðsmaður veðhafanna telur, því hér voru einnig aðrir kröfuhafar að verki, og gjaldþroti virðist ekki hafa átt annars úrkosti en að gefast upp, þegar h.f. Kol & Salt sá sér ekki lengur fært að láta honum nauðsynjar í té til framhalds atvinnurekstri.

Skiptarétturinn verður því að líta svo á, að hér sé enganveginn framkomnar þær sannanir, sem krafist er samkv. 21. gr. gjaldþrotaskiptalaganna. Verða því umræddir veðréttir að teljast ógildir gegn þrotabúinu og eru því h.f. Kol & Salt og h.f. Hamar reglulegir uppboðskaupendur að e/s Hlér, R. E. 263, á uppboðinu 20. júní þ. á., fyrir kr. 52,500,00, sem þeim ber að greiða samkvæmt uppboðsskilmálunum.

Föstudaginn 29. maí 1931.

Nr. 24/1931. **Jakob Möller og Benedikt Sveinsson**
(Pétur Magnússon).

gegn

Péttri Jakobssyni (Sjálfur).

Breytt gjalddaga víxils. Úrslit málsins komin undir því hvort breytingin hafi verið gerð fyrir eða eftir að ritað var á víxilinn.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 26. nóv. 1930: Stefnd, Jóhanna Hansen, Jakob Möller og Benedikt Sveinsson, greiði eitt fyrir öll og öll fyrir eitt stefnandanum, Péttri Jakobssyni, kr. 3500,00 með 6% ársvöxtum frá 25. okt. 1930 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % upphæðar-